



Gráðukvarðar fyrir klettaklifur

Enski gráðustiginn

(E) Easy	Auðvelt: Brölt þar sem lína er ekki nauðsynleg í öllum tilfellum.
(MOD) Moderate	Sæmandi: Góðir klettar með stórum fót- og handfestum og góðum tryggingarstöðum.
(DIFF) Difficult	Erfitt: Brattari leiðir en þó enn góðar festur.
(VD) Very difficult	Þó nokkuð erfitt: Lengri kaflar, minni festur. Þarfnast reynslu.
(S) Severe	Mjög erfitt: Bratt klifur, þarfnast mikillar reynslu. Frekar litlar festur.
(VS) Very severe	Mjög erfitt: Erfitt klifur. Bratt og litlar festur, þarfnast mikillar þjálfunar og reynslu. Jafnvel hætta á grjóthruni.
(HVS) Hard very severe	Gríðarlega erfitt: Mjög langar og brattar leiðir og litlar festur. Sumstaðar lausar í sér.
(XS) Extremely severe	Erfiðasta gráða sem upp er gefin.

AÐRIR GRÁÐUKVARÐAR FYRIR KLETTA

Ameríski kvarðinn (Yosemite)

Ameríski gráðustiginn er skiptur í þrjú stig, gráðu 3. fyrir brölt án línu, gráðu 4. fyrir brölt þar sem línu þarf, og þann lengsta, gráðu 5. fyrir klifur af ýmsum erfiðleikum, en hún skiptist frá 5.1 til 5.11. T. d. er 5.8 sama gráða og enska HVS.

Ástralski kvarðinn

Ástralski kvarðinn er frá 1. og upp í 22. gráður.

Franski gráðukvarðinn

er mjög líkur þeim enska, eða í orðum og byrjar í F. (Facile) og endar í ED (Extrêmement difficile).

Gráðutafla yfir nokkur lönd

Yosemite	Ástralía	England	Wales	Evrópa	Frakkland (Alpar)
—	1–3	(E)	2a.	I	(F) Facile
5.2	4–5	(MOD)	2b.	II	(PD) Peu difficile
5.3	6–7	(DIFF)	3a.	III	(AD) Assez difficile
5.4	8–9	(VD)	3b.	IV	(AD)/Difficile
5.5	10–11	(S)	4a.	IV+	(D) Difficile
5.6	12–13	(HS)	4b.	V	(D)/Trés difficile
5.7	14–15	(VS)	4c.	V+	(TD) Très difficile
5.8	16–17	(HVS)	5a.	VI	(TD)/Extrêmement difficile
5.9	18–19	(XS)	5b.	VI+	(ED) Extrêmement difficile
5.10	20–21	(XS)	5c.	VI+	(ED)
5.11	22	(XS)	6a.	VI+	(ED)

ANNARS KONAR GRÁÐUR:

Artificial climbing

Hið svokallaða „tekniska“ klifur, eða Aid climbing, er gráðað niður fjögur stig, frá A1 og upp í A4, en þannig er gráðuskiptingunni hagað:

- A1. Kaflar eru venjulega í kringum lóðrétt, og góðir klettar með vöð á láréttum sprungum. Stundum þarf ekki að nota stiga.
- A2. Klifur er venjulega slútandi klifur og leiðir ekki beinar og fleygar oftast nokkuð litlir og illa staðsettir, í lélegum sprungum eða „vösum“.
- A3. Klifur er í lélegum klettum, lélegum fleygafestum og miklu slúti.
- A4. Gráðan er notuð yfirleitt til að undirstrika mesta slútið og klifur á „micro“ fleygum og því um líku

Ef stafurinn „e“ er notaður (dæmi: A3e.) þýðir það að einn eða fleiri þensluboltar (Expansion bolt) hafa verið notaðir.

Snævarr Guðmundsson

(fengið úr: Rock face e. Ron James,
Big wall climbing e. Doug Scott,
The mountains e. John Cleare
og Encyclopedia of Mountaineering e. Walt Unsworth.)